

# Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar



Október 2012



# Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar



Október 2012



## Efnisyfirlit

Formáli .....	6
Áherslur í almennri kenngslu.....	7
Nemendur með lesröskun .....	8
Nemendur með annað móðurmál en íslensku .....	9
Hlutverk skólayfirvalda.....	10
Hlutverk grunnskólans .....	10
Hlutverk foreldra.....	11

## Formáli

Menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkt á 77. fundi sínum sem haldinn var 26. maí 2008 að koma á fót starfshópi um lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkur. Er það í fyrsta sinn sem gerð er tilraun til að móta heildstæða lestrarstefnu fyrir alla grunnskóla borgarinnar. Starfshópurinn tók til starfa skömmu eftir áramótin 2008-2009 og skilar nú drögum að lestrarstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar. Drög að lestrarstefnunni voru send Samfok (Samtök foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur) og sérfræðingum í lestri á Menntavísindasviði HÍ til umsagnar auk þess sem hópur kennara í grunnskólum Reykjavíkur rýndi drögin á fyrri stigum.

Hópurinn var sammála um að eftirfarandi atriði væru höfð að leiðarljósi:

- Mikilvægt er að auka vægi lestrar og ritunar í öllu námi í grunnskólum Reykjavíkur.
- Áhersla sé lögð á kennslu í lestri og ritun við hæfi nemenda á öllum stigum grunnskólans og að kennslan sé löguð að ólíkri getu nemenda innan hvers nemendahóps
- Hugað verði að ólíkum tegundum lestrar og að nemendur læri að beita lestrarlagi eftir því sem við á hverju sinni.
- Viðfangsefni í lestri séu merkingarbær, fjölbreytt og áhugaverð fyrir nemendur.
- Stefnt verði að því að nemendur í grunnskólum Reykjavíkur séu sjálfstæðir lesendur sem geta aflað sér þekkingar að eigin frumkvæði og miðlað henni.
- Leitað verði leiða til að setja sameiginleg árangursviðmið í lestri fyrir grunnskóla Reykjavíkur.
- Kennarar hafi aðgang að samræmdu og stöðluðu námsmati í lestri.

## Áherslur í almennri kennslu

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 er læsi tilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar sem ætlað er að draga fram meginatriði almennrar menntunar og stuðla að samfellu í skólastarfinu. Fjallað er um læsi í víðara samhengi en áður og meginmarkmið læsis talið vera „að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á“ (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2011:17). Þó svo að þeim leiðum hafi fjölgað sem nota má í skólastarfi til að efla læsi nemenda og nemendur hafi nú aðgang að ýmis konar tækni til að nota í samskiptum og námi, dregur það ekki úr mikilvægi lestrar og ritunar í hefðbundnum skilningi og að enn sem fyrr skiptir miklu máli að börn öðlist færni í lestri og ritun.

Lestur er lykill að öllu námi og því þurfa lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum grunnskólans að vera fjölbreytt og markviss. Nauðsynlegt er að vekja áhuga nemenda á lestri á öllum skólastigum og að lestrarkennsla og lestrarþjálfun haldi áfram allan grunnskólann. Ritun gegnir sífellt stærra hlutverki í daglegu lífi fólks með tilkomu ýmissa samskiptamiðla og því mikilvægt að efla lestur og ritun á öllum aldursstigum grunnskólans. Lestur og ritun á öllum stigum þarf að hafa forgang og fá aukið vægi í skólastarfinu.

Lestur og ritun tengjast námi í öllum námsgreinum. Allir kennarar í grunnskólum borgarinnar leggi áherslu á að gera nemendur læsa á sína námsgrein og noti aðferðir til að auka orðaforða, málskilning og lesskilning nemenda á öllum stigum grunnskólans. Með lestri góðra bókmennta öðlast nemendur aukinn skilning á nærumhverfi sínu og fá innsýn í aðra menningarheima.

Stuðlað sé að því að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga nemenda. Leggja þarf góðan grunn að námi í lestri og ritun á yngsta stigi grunnskólans og beita snemmtækri íhlutun til að finna nemendur í áhættu varðandi þessa þætti. Vinna þarf með orðaforða nemenda og gefa þeim tækifæri til að tjá sig skipulega en hvort tveggja er forsenda fyrir góðum lesskilningi. Á yngsta stigi þarf að tryggja kunnáttu nemenda í umskráningu stafa og hljóða. Þjálfar þarf grunnfærni í lestri og ritun þannig að nemendur geti lesið einfalda texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum ritun eða annað tjáningarform.

Á miðstigi þarf áfram að þjálfar nemendur í lestri, kenna og þjálfar mismunandi lestrarlag. Nemendur þurfa að læra að beita mismunandi lestrarlagi eða lestrartækni, s.s. ítarlestri, nákvæmnislestri, leitarlestri eða skimunarlestri eftir því sem við á. Samhliða þarf að þjálfar ritunarþáttinn, gera nemendur færa um að skrifa ólíkar tegundir texta með eigin rithönd eða í gegnum ritvinnslu.

Á unglíngastigi þurfa nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi og með skilningi. Þeir þurfa að geta valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og

ritun ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta. Þá þurfa þeir að geta tjáð hugmyndir sínar og skoðanir skipulega og rökrétt í rituðu máli og notað orðaforða og málsnið sem hæfir textanum.

Námsmat í lestri sé kerfisbundið og nái til allra þátta lestrarnámsins, allra aldursstiga og verði notað til að taka ákvarðanir um áframhaldandi lestrarnám og – þjálfun.

Reynt sé eftir föngum að vekja og viðhalda ánægju nemenda af lestri og þeir hvattir til lestrar með öllum tiltækum ráðum. Hver skóli leggi áherslu á sérstök verkefni til að örva lestur og efla lestrarnám, s.s. með lestrarstundum, ljóðavikum, lestrarsprettum, þátttöku í upplestrarkeppni, lestrarnámskeiðum, o.fl. Reykjavík hefur verið tilnefnd Bókmenntaborg UNESCO og hefur verkefnið m.a. að markmiði að stuðla að lestrarhvetjandi verkefnum í samstarfi við grunnskóla borgarinnar.

Skólasafn hvers skóla tekur á markvissan hátt þátt í samstarfsverkefnum til að örva og efla lestur. Skólasafnið/upplýsingaverið er jafnframt leiðandi þáttur í kennslu upplýsingalæsis í skólanum í samstarfi við aðra. Í kennslu upplýsingalæsis er lögð áhersla á kenna nemendum að finna upplýsingar, meta og nota.

## **Nemendur með lesröskun**

Í lestrarstefnu hvers grunnskóla borgarinnar komi fram að áhersla sé lögð á snemmtæka íhlutun og að greina sérþarfir nemenda í lestri og ritun með því að leggja fyrir skimanir á málþroska og læsi. Skimunum sé fylgt eftir með greiningum á þörfum nemenda í áhættuhópi varðandi lestrarerfiðleika og sérstökum stuðningi innan skólans. Í kjölfarið verði gerð áætlun um viðbrögð, kennslu og þjálfun auk reglulegrar eftirfylgni með áframhaldandi framgangi lestrarnámsins.

Viðfangsefni í lestri og ritun hæfi aldri, þroska og áhuga nemenda. Aðlagað námsefni og hjálpartæki eru notuð til að mæta þörfum nemenda.

Leitað verði allra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum lesröskunar á skólagönguna, nám og námsmat, t.d. með fjölbreyttum leiðum í námi, námsmati og skilum á verkefnum. Kennarar hafi reglulega aðgang að námskeiðum eða fræðslufundum sem geri þá færari í að mæta þörfum nemenda með lesröskun.

Í samræmi við reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum annast þjónustumiðstöðvar borgarinnar sérfræðiþjónustu við grunnskóla Reykjavíkur og ber þeim að stuðla að snemmtæku mati á stöðu nemenda og veita kennurum ráðgjöf vegna nemenda með sértæka lestrarerfiðleika til að þeir fái kennslu og stuðning við hæfi í skólastarfinu.



## Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Þessi hópur nemenda hefur ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn og því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum grunnskólum. Kennsla þeirra í lestri og ritun þarf því að taka mið af stöðu þeirra í námi almennt og að reynsla þeirra og þekking á íslenski tungu er önnur en nemenda sem hafa alist upp í íslensku málumhverfi. Viðfangsefni námsins þurfa því að vera samræmd og samhæfð öllum námsgreinum.

Leitast skal við að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku og að þessir nemendur geti viðhaldið móðurmálinu eins og við verður komið. Formlegt nám í móðurmáli sé metið sem hluti af grunnskólanáminu.

Leggja skal áherslu á að skólinn afli sér upplýsinga um námsstöðu nemenda sem eru að koma til landsins og nýti sér þær við gerð einstaklingsáætlana. Gera skal einstaklingsáætlun í lestri og ritun fyrir þá nemendur sem það á við en leitast við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllum námsgreinum eins og kostur er en fá námsefni við hæfi miðað við aldur og þroska. Reynt sé að aðlaga námsefni og kennsluaðferðir til að efla orðaforða, málskilning og lesskilning og auka þátttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í námi með heimahópum. Sérstaklega er mikilvægt að styðjast við myndmál og áþreifanlega hluti í tengslum við lesturinn til að efla orðaforða. Nemendur séu hvattir til að lesa bækur, bæði á íslensku og á móðurmálinu. Leitast sé við að nota kennsluaðferðir sem virka í margbreytilegum nemendahópum þannig að allir hafi jafnan aðgang að náminu. Mælt er með fjölmennningarlegum kennsluháttum, samvinnunámsaðferðum, o.fl.

Setja þarf viðmið í lestri og ritun fyrir nemendur af erlendum uppruna og eru bundnar vonir við nýtt málkönnunarpróf sem metur stöðu þessa hóps í íslensku. Markmiðið er að prófið geri kennurum kleift að leggja mat á íslenskukunnáttu nemenda sem eru að læra íslensku sem annað mál, styrkleika þeirra og veikleika, samanborið við nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli. Á grundvelli slíks mats má gera markvissa námsáætlun í íslensku fyrir nemandann.

Kennarar og aðrir sem vinna með nemendur með annað móðurmál en íslensku séu hvattir til að nýta sér þá ráðgjöf sem í boði er t.d. á þjónustumiðstöðvum og þá vefi sem til eru, en einnig verði eflað sameiginlegur gagnagrunnur og miðlun námsgagna á vegum skóla- og frístundasviðs.

Stuðlað sé að virku tvítyngi nemenda með því að hvetja foreldra til að styðja við nám barna sinna og að viðhalda móðurmálinu. Móttökuáætlanir skóla tryggi að foreldrar fái nauðsynlegar upplýsingar um nám og skólastarf til að þeir geti stutt við nám barna sinna.

## Hlutverk skólayfirvalda

Hlutverk skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í lestrarstefnu fyrir grunnskóla borgarinnar er fyrst og fremst að styðja við skólana og fylgja eftir að þeir setji sér áætlun um eflingu læsis á öllum aldurstigum. Skóla- og frístundasvið hvetur til að sett verði árangursviðmið í lestri fyrir alla aldurshópa og að skólar hafi aðgang að kerfisbundnu námsmati í lestri fyrir öll aldurstig grunnskólans.

Skóla- og frístundasvið beitir sér fyrir símenntun kennara á sviði lestrar- og ritunarkennslu í samstarfi við menntastofnanir og einstaklinga. Sótt verður um styrki til að halda námskeið um árangursríkar kennsluaðferðir í lestri og ritun og boðið upp á fjölbreytt símenntunartilboð í eflingu læsis fyrir kennara á öllum aldurstigum.

Skóla- og frístundasvið safni reglulega saman upplýsingum um hversu margir skólar hafa sett sér áætlun um eflingu læsis og kalli inn afrit af áætlununum til upplýsingar fyrir aðra skóla. Einnig verði kannað hversu margir skólar hafa markmið um að efla lestur og ritun í umbótaáætlunum sínum.

Skóla- og frístundasvið sér áfram um að safna saman niðurstöðum úr lesskimun í 2. bekk ár hvert og að vinna úr niðurstöðum fyrir hvern skóla og fyrir alla skólana í borginni. Skóla- og frístundasvið hvetur skóla til að nýta niðurstöður úr samræmdum prófum til að koma til móts við þá nemendur sem ekki ná ásættanlegum árangri í lesskilningshluta prófanna. Þær upplýsingar sem þar koma fram geta skólar nýtt sér í umbótaáætlunum sínum.

Skóla- og frístundasvið rekur Skólasafnamiðstöð sem þjónustar skólasöfn borgarinnar m.a. með innkaupum á lesflokkum sem lánaðir eru til skólanna. Mikilvægt er að efla þessa þjónustu við skólana með lánnum á kennslugögnum, lesflokkum, mynddiskum o.fl. Skólasafnamiðstöð gæti líka verið með upplýsingaþjónustu og útlán á efni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

## Hlutverk grunnskólans

Hver grunnskóli í borginni geri áætlun um eflingu læsis fyrir yngsta-, mið- og unglíngastig. Áætlanirnar komi fram í skólanámskrá hvers skóla og séu í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu skólayfirvalda á hverjum tíma.

Kennarar hvers skóla greini sterkar og veikar hliðar í lestrar- og ritunarkennslu sem lið í sjálfsmati skólans og meti hvað þarf að gera til úrbóta. Nám og kennsla í lestri og ritun sé þannig hluti af sjálfsmati og umbótaáætlun skólans.

Skólastjórnendur hvetji kennara til að afla sér símenntunar í samræmi við áherslur og áætlun skólans um eflingu málþroska og læsis.

Hver skóli nýti sér viðmið um árangur í lestri til að meta lestrarfærni nemenda og gera viðeigandi ráðstafanir til að efla lestrarnám allra nemenda sinna.

Skólasöfn borgarinnar bjóða upp á þjónustu við nám, bækur og heimildir sem gera öllum í skólasamfélaginu kleift að temja sér gagnrýna hugsun og vera virkir notendur upplýsinga á hvaða formi og á hvaða miðli sem er. Enn fremur mynda skólasöfn tengsl við bókasafns- og upplýsingasamfélagið í heild sinni, í samræmi við skyldur Reykjavíkur sem bókmenntaborgar og grundvallaratriði í yfirlýsingu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um almenningsbókasöfn (sjá

<http://www.upplýsing.is/displayer.asp?Page=312&p=ASP\Pg312.asp>).

## Hlutverk foreldra

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 er fjallað um mikilvægi þess að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og taki þátt í námi þeirra. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi er talin forsenda þess að þeir geti axlað ábyrgð sína á farsælu uppeldi og menntun þeirra. Foreldrar eru hvattir til að styðja við stöðuga þjálfun barna sinna í lestri og ritun. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki sem fyrirmyndir í málþroska og lestri og við að efla jákvætt viðhorf til móðurmálsnámsins sem og skólstarfsins alls.

Í grunnskólum Reykjavíkur er því lögð áhersla á mikilvægi foreldra og þátttöku þeirra og stuðning við lestrarnám barna sinna. Væntingar um þátttöku foreldra í lestrarnámi barnanna þurfa að vera skýrar. Aðkoma foreldra sé nýtt markvisst m.a. til að glæða og viðhalda áhuga barna á lestri, t.d. með verkefnum sem hvetja foreldra og börn til að lesa saman, fræðast og ræða um það sem lesið var. Grunnskólar borgarinnar bjóði foreldrum upp á fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningar um hvernig þeir geti stutt við lestrarnám barna sinna.